

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA



Ársskýrsla

2023



EFNISYFIRLIT

Starfsfólk SSNV	2
Stjórn SSNV 2022-2024	3
Skýrsla stjórnna fyrir árið 2023	4
Sóknaráætlun Norðurlands vestra	7
Sértæk verkefni Sóknaráætlunarsvæða – C1	10
Atvinnuþróun	13
Samstarf á vettvangi Ferðapjónustunnar	16
Auknar Fjárfestingar á Norðurlandi vestra	19
Nýsköpun	21
Umhverfismál	24
Erlend samstarfsverkefni	26
Byggðagleraugin	28
Framúrskarandi verkefni	30
Náms- og kynnisferð til Noregs á vegum Byggðastofnunar	32
Fræðsluferð SSNV og SSV til Skotlands	34
Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið	36
Ráðstefnur og viðburðir	37
Ársreikningur SSNV	40

STARFSFÓLK SSNV 2023



Katrín M. Guðjónsdóttir
Framkvæmdastjóri



Ástrós Elísdóttir
Atvinnuráðgjafi



Davíð Jóhannsson
Atvinnuráðgjafi



Magnús Barðdal
Verkefnastjóri



Matthías Rúnarsson
Skrifstofu- og bókhaldsstörf




Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir
Atvinnuráðgjafi



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
Atvinnuráðgjafi

Ársskýrsla 2023

Stjórn SSNV 2022-2024



Kjörin til tveggja ára á aukaárspingi SSNV þann 28. júní 2022.

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður
Einar Einarsson, varaformaður (kom inn í stjórn í apríl 2023)
Friðrik Már Sigurðsson
Jóhanna Ey Harðardóttir
Vignir Sveinsson

Varastjórn:
Auðunn Sigurðarson
Sólborg S. Borgarsdóttir
Magnús Magnússon
Álfhildur Leifsdóttir
Halldór Gunnar Ólafsson

Regína Valdimarsdóttir tók við af Hrund Pétursdóttur í janúar 2023 og sat í stjórn SSNV til apríl 2023.

Skýrsla stjórnar árið 2023

Enn og aftur er runninn upp dagurinn þar sem við gerum upp starfsárið sem nú er á enda og setjum okkur ný fyrirheit fyrir komandi tíma. Ársþing SSNV sem fer með æðsta vald samtakanna og markar ár hvert ákveðin skil þar sem okkur gefst tækifæri til að líta um öxl, líta yfir farinn veg og horfa til framtíðar. Viðburðaríkt ár er að baki í starfsemi landshlutasamtakanna þar sem fjölmörg verkefni voru framkvæmd og önnur fengu upphaf.

Guðmundur Haukur Jakobsson mun í framhaldi af ársþingi stíga til hiðar sem formaður SSNV. „Að starfa sem formaður landshlutasamtakanna hefur verið lærdómsfullt og afar skemmtilegt. Ég er fyrst og fremst þakklátur fyrir reynsluna og sé núna og veit hversu mikilvæg landshlutasamtökin eru okkur hér á Norðurlandi vestra. Þau eru fyrst og fremst samráðsvettvangur okkar allra sem viljum byggja upp samfélag sem er aðlaðandi og blómlegt til framtíðar. Þrátt fyrir ýmsar áskoranir er svo ótal margt gott í farvatninu. Við getum verið stolt af sterkum undirstöðum, hvort sem er í okkar grunn atvinnugreinum eða íþróttastarfi, þar sem grunnurinn er lagður að afreikum síðari tíma en ekki síst því að efla og styrkja hvern og einn sem manneskju og samfélagið allt. Slíkt skiptir máli fyrir framtíð Norðurlands vestra“ er haft eftir fráfarandi formanni SSNV.



Þingeyrakirkja, Húnabyggð.

Sóknaráætlun

Hafin er vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar sem mun verða okkar stefnuskjal til fimm ára. Við gerð nýrrar sóknaráætlunar höfum við tækifæri til að rýna vel í verkefnin og málaflokkana. Vönduð og vel unnin sóknaráætlun er öflugt stjórnæki fyrir okkur sem landshluta og íbúa til að sækja fram og tryggja framgöngu verkefna sem hafa mest áhrif á blómlega byggð. Eins og við þekkjum tekur Sóknaráætlun mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og annarri opinberri stefnumótun.

Vönduð og vel unnin sóknaráætlun er öflugt stjórnæki og fjármunirnir nýtast best hjá þeim sem þekkja aðstæður og hafa innsýn í nærumhverfið. Þannig getur vönduð sóknaráætlun haft bein áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshlutans.

Áhersluverkefni SSNV 2023 voru 11 talsins þar af 5 framhaldsverkefni og 6 ný verkefni. Verkefnin eru til tveggja ára og eru nánar kynnt síðar í ársskýrslunni.



Umhverfismál

Umhverfismál hafa fengið umtalsverða athygli á undanförunum misserum samhliða aukinni umræðu og umhverfisvitund. Loftslagsmál hafa verið afar áberandi en til umhverfismála teljast ótal margir aðrir þættir sem skipta máli, sérstaklega í nærumhverfi okkar. Eitt að megin markmiðunum er að Norðurland vestra verði til fyrirmyndar í umhverfismálum og íbúar, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög vinni markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og hvetji til aukinnar sjálfbærni og endurvinnslu.

Nýsköpun

Frumkvöðlastarf skiptir okkur máli og með því að fjölga sprotafyrirtækjum og efla þau sem fyrir eru höfum við náð að byggja á sérstöðu svæðisins. Starfið hefur t.d. stuðlað að aukinni matvælaþróun og aukinni fullvinnslu afurða. Við höfum jafnt verið að efla fræðslu til frumkvöðla og stutt með t.d. umsóknum styrkja.

SSNV er áfram hluti af Norðanátt sem er sannkallað hreyfiafl nýsköpunar á öllu Norðurlandi og miðar að því að auka fjárfestingar á svæðinu og skapa kraftmikið umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki sem vinna að nýsköpun með áherslu á loftslagsmál og hringrásarhagkerfi. Undir Norðanáttina falla svo verkefni Startup Stormur sem er sjö vikna viðskiptahraðall fyrir norðlenska sprota og svo fjárfestahátíðin á Siglufirði.



Samstarf og sérstaða

Öll viljum við auka meðvitund um atvinnulíf á okkar svæði og styðja við framþróun í núverandi lykilatvinnugreinum. Við stefnum að því að fjölga störfum sem krefjast aukinnar menntunar og laða stofnanir og fyrirtæki til svæðisins. Til að ná því marki þurfum við að standa saman sem heild og vera samstillt um forgangsröðun og þróun.

Stjórn vill að lokum þakka starfsfólki samtakanna fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Hjá SSNV starfar metnaðarfullt teymi sem vinnur af ástríðu fyrir samfélagið, fyrirtæki og fólk á svæðinu.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra

Árið 2023 var fjórða árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024. Framkvæmd samningsins gekk vel.

Skipting sóknaráætlunar

Sóknaráætluninni er skipt í þrennt:

- a) Sóknaráætlun landshlutans,
- b) Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra og
- c) Áhersluverkefni.

Fjármagn

Fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2023 var alls 106.423.835 kr. Við bætist framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. Auk þessa voru viðaukasamningar að upphæð 17.500.000 kr. Aðrar tekjur námu 13.087.929 kr. Alls voru þetta 144.430.764 kr.

Skipting fjárins var sem hér segir:

- a) Uppbyggingarsjóður 81.252.030 kr., sem skiptist á milli menningarmála og atvinnuþróunar/nýsköpunar,
- b) áhersluverkefni 24.423.835 kr.,
- c) viðaukasamningar 17.500.000 kr.,
- d) umsýsla 12.000.000 kr.
- e) óráðstafað 9.254.899 kr.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

Áherslu- verkefni 2023

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans. Verkefni geta til dæmis verið ráðgjafar- og átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn SSNV og þurfa staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál. Áhersluverkefni árin 2022-2023 sem samþykkt voru af Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 21. mars 2022 eru 11 talsins. Af þeim eru fimm framhaldsverkefni áhersluverkefna síðustu ára og sex ný verkefni.

Framlag úr Sóknaráætlun

Framhaldsverkefni

- Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra
- Matvælasvæðið Norðurland vestra
- Aukin nýsköpun í kennslu – FabLab
- Barnamenningarhátíð
- Skrifstofusetur

Ný verkefni

- Stuðningsáttak í ferðapjónustu
- Landshluti í forystu í loftlagsmálum og heimsmarkmiðum
- Stuðningur við nýsköpun
- Erlend samstarfsverkefni
- Texíl Lab á Blönduósi
- Fjölmeningarkaffi

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Störfum úthlutunarnefndar lýkur að öllu jafna fyrir jól fyrir úthlutun komandi árs. Hér á eftir fylgir stutt yfirlit fyrir úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2024, sem lauk í desember 2023.

Úthlutunarnefnd 2023 vegna úthlutunar 2024:

Á 6. haustþingi SSNV þann 21. október, 2022 var ný úthlutunarnefnd kjörin til tveggja ára: Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, og Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður fagráðs menningar. Úthlutunarnefndin sinnti úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2024.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar 2023 vegna úthlutunar 2024:

Hildur Þóra Magnúsdóttir, formaður, Erla Gunnarsdóttir, Gunnsteinn Björnsson, Gunnar Tryggvi Halldórsson og Rakel Runólfsdóttir.

Fagráð menningar 2023 vegna úthlutunar 2024:

Elín Lilja Gunnarsdóttir, formaður, Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, Steinunn Gunnsteinsdóttir, Valgarður Hilmarsson og Jón Ólafur Sigurjónsson.

Úthlutun styrkja fyrir árið 2024

Á fundi stjórnar SSNV þann 12. september 2023 voru samþykktar verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2024. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til 1. nóvember 2023.

Alls bárust 103 umsóknir þar sem óskað var eftir um 221 milljón í styrki en til úthlutunar voru rúmar 79 milljónir. Úthlutunarnefnd vísaði 4 umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo tillögur sínar fyrir úthlutunarnefnd. Á fundi úthlutunarnefndar þann 4. desember 2023 ákvað nefndin að úthluta rúmunum 79 milljónum króna í 73 verkefni. Allir umsækjendur fengu svör við styrkbeiðnum sínum 5. desember 2023.

Hér má nálgast greinargerð um verkefnin sem hlutu brautargengi.

Sértæk verkefni

Sóknaráætlunarsvæða – C1

Tólf verkefni á landsbyggðinni fengu úthlutað úr verkefnapotti byggðaaætlunar sem gengur undir heitinu Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða. Alls var 130 milljónum úthlutað.

SSNV sótti um fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurland vestra og átti aðkomu að öðrum verkefnum í samstarfi við aðra landshluta. Þrjú þeirra verkefna hlutu styrkveitingu.

Styrking innviða á Laugarbakka í Miðfirði til eflingar atvinnustarfsemi.

Verkefnið snéri að lagningu kaldvatnslagnar frá Hvammstanga til Laugarbakka. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hlutu styrk að upphæð kr. 15.000.000. Markmið með verkefninu var uppbygging innviða á Laugarbakka til þess að styrkja búsetu og efla atvinnulíf. Verkefnið snéri að lagningu kaldvatnslagnar frá Hvammstanga til Laugarbakka vegna stækkunar hótels og nýrrar atvinnustarfsemi.

Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum.

Verkefnið var hvati til nýsköpunar og verðmætasköpunar í strjálbýli sem á mikið undir sauðfjárrækt og miðaði að því að tryggja byggðafestu. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hlutu styrk að upphæð kr. 21.600.000.

Markmiðið með framlögunum er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaaætlun.

Straumhvörf – ný hringrás gesta um Austur- og Norðurland.

Um er að ræða samstarf SSA, SSVN, SSNE, áfangastofa Norður- og Austurlands, Austurbrúar og Markaðsstofu Norðurlands um framkvæmd hönnunar- og vörusmiðju nýrrar hringrásar ferðamanna um Austur- og Norðurland í tengslum við beint millilandaflug á Egilsstaði og Akureyri. Samband sveitarfélaga á Austurlandi hljóta styrk að upphæð 15.650.000 kr.

Grein framkvæmdastjóra SSNV - Sóknaráætlun í sókn!

HÖLDUM ÁFRAM!

Núgildandi sóknaráætlanir landshlutanna gilda út árið 2024. Það stýttist því óðum í að vinna þurfi nýjar sóknaráætlanir í takt við tíma og umhverfi. Í þeirri vinnu felast fjölmörg tækifæri til að horfa yfir farinn veg og rýna tækifæri framtíðarinnar.

Vönduð og vel unnin sóknaráætlun er öflugt stjórn­tæki

Að hafa stefnumótandi áætlun og áherslur fyrir hvert landsvæði getur skipt sköpum. Aðferðafræði sóknaráætlana gefur heimamönnum aukið frelsi til athafna og ákvörðunartöku um mál og málefni sem varða þeirra samfélag hvað mest hverju sinni. Sóknaráætlanir eru stefnumótandi skjal sem varpar ljósi á þau gildi og menningu sem landshlutinn byggir á. Þær eru mælitæki á þau markmið sem landshlutinn hefur sett sér og ramma jafnframt inn skýra framtíðarsýn íbúa. Þær taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og annarri opinberri stefnumótun. Sóknaráætlanir skipta máli og eru framtíðarsýn hvers landshluta sem innihalda markmið og val á leiðum sem tengjast stefnu stjórnvalda. Vönduð og vel unnin sóknaráætlun er einfaldlega stjórn­tæki og vegvísir ákvarðana sem hafa áhrif á þróun samfélags og byggðar.

Fjármunirnir nýtast best hjá þeim sem þekkja aðstæður og hafa innsýn í nærumhverfið

Lög um sveitarstjórnir fela landshlutasamtökum sveitarfélaga að vinna sóknaráætlanir á sínu svæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Samkvæmt lögnum skulu sóknaráætlanir taka mið af meginmarkmiðum byggðastefnu og eftir atvikum öðrum opinberum stefnum. Sóknaráætlanir eru þannig t.d. tengdar með beinum hætti við byggðaáætlun fyrir allt landið. Eitt af megin markmiðum sóknaráætlana er að auka ábyrgð og völd landshlutanna þegar kemur að forgangs­röðun og ráðstöfun á fjármunum frá ríkisvaldinu til verkefna sem tengjast samfélagsþróun og byggðamálum.

Bein áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta

Byggðamál eru viðfangsefni allra ráðuneyta og ná til landsins alls. Sóknaráætlanir auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála og aðlaga byggðamál að annarri stefnumótun. Í framtíðarsýn í nágildandi byggðaáætlun kemur fram að í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nær samfélagi. Það er svo undir hverjum landshluta komið hvernig styðja megi við þessa metnaðarfullu framtíðarsýn stjórnvalda með beinum hætti. Þar gæti nýsköpun komið sterk inn sem lykilvopn til að byggja á grunnstoðum atvinnulífs og samfélags. Skoða mætti hinar ýmsu sviðsmyndir til að hjálpa okkur að horfa til framtíðar. Grunnforsenda fyrir árangri í þessum efnum er að skerpa á framtíðarsýn íbúa og setja skýr markmið. Ef vitað er hvert ferðinni er heitið eru meiri líkur á að áfangastað verði náð.

Fyrir áhugasama má lesa greinagerðina sem unnin var af stýrihóp Stjórnarráðsins [hér](#).



Ferjumaðurinn, Skagafirði.

Atvinnuþróun

SSNV er ætlað að vera leiðandi í uppbyggingu atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem eru í boði, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og efla hagvöxt. Störf atvinnuráðgjafa miða meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu við þróun viðskiptahugmynda og markaðs- og rekstrarráðgjöf. Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir aðstoð við rekstrar- og viðskiptaáætlanir, markaðs- og kynningarstarf og yfirlestur og ráðgjöf við umsóknir í hina ýmsu sjóði. Þessi aukning í ráðgjöf við umsóknir í sjóði hefur skilað góðum árangri sem sést í fjölda verkefna á svæðinu sem hljóta brautargengi úr hinum ýmsu sjóðum.

Starfsfólk hefur frumkvæði að verkefnum sem miða að því að laða að fjárfestingar, efla frumkvöðlastarf og styðja lítil og meðalstór fyrirtæki sem ætlað er að örva atvinnustarfsemi og skapa atvinnutækifæri á svæðinu.

Ennfremur getur vinna sem miðar að því að efla nýsköpun, t.d. Norðanátt, og tækniframfarir í stefnumótandi geirum leitt til þess að nýjar atvinnugreinar og klasar koma upp, sem knýja áfram hagvöxt og atvinnusköpun á svæðinu.

Oft á tíðum skarast verkefni tengd atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/-ráðgjöf til styrkþega. Starfsfólk SSSNV hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu. Á árinu 2023 buðu starfsmenn samtakanna upp á rafræna kynningu sem fór fram á zoom og var streymt á facebooksíðu samtakanna. Er þetta þá fjórða árið í röð sem vinnustofan var haldin á netinu. Jafnframt var boðið upp á aðstoð við styrkumsóknagerð.

Laus störf

SSNV hefur frá árinu 2019 auglýst laus störf á svæðinu í gegnum heimasíðu samtakanna. Þá geta sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sent upplýsingar um störf í boði á starfsmenn SSNV. Starfsmenn SSNV vakta einnig aðrar starfasíður og heimasíður sveitarfélaga og koma þannig upplýsingum um laus störf inn á heimasíðu samtakanna. Auglýsingar um óstaðbundin störf hafa aukist að einhverju leyti og SSNV reynir að tryggja að þær rati allar á starfasíðu samtakanna.

Útibúið

Útibúið, skrifstofusetur SSNV, býður upp á 10 skrifstofurými til útleigu með möguleika á opnu eða lokuðu rými og öll vinnuaðstaða er til fyrirmyndar. Skrifstofusetur stuðla að því að hægt verði að taka við störfum án staðsetningar, bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem vilja flytja störf sín með sér út á land og alla þá sem þurfa á vinnuaðstöðu að halda. Ferðamálastofa hefur tekið eitt rými á leigu fyrir starfskraft og Markaðsstofa Norðurlands hefur nýtt sér aðstöðuna.

Fyrirtækjakönnun

SSNV er þátttakandi í fyrirtækjakönnun landshlutanna sem Vífill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið um nokkurra ára skeið. Í henni er leitað eftir viðhorfi fyrirtækja á landsbyggðinni til núverandi stöðu ýmissa málaflokka og framtíðarhorfa. Er það liður í því að bæta þekkingu opinberra aðila og almennings á rekstrarskilyrðum á landsbyggðinni. Niðurstöður könnunarinnar geta nýst til að meta betur rekstrarkosti á landsbyggðinni og veitt kjörnum fulltrúum mikilvægar upplýsingar um framtíðarhorfur á sínu svæði.

Íbúakönnun

Íbúakönnun landshlutanna fór af stað á öllu landinu í október 2023. Sem fyrr er lögð áhersla á að spyrja þátttakendur aðallega um mat þeirra á búsetuskilyrðum þeirra, almenna velferð, stöðu þeirra á vinnumarkaði og hver framtíðaráform þeirra séu um búsetu. Gögn þessarar könnunar hafa nú þegar gefið þeim sem vinna að byggðapróun á sveitarstjórnarstiginu mikilvægar upplýsingar um raunverulega stöðu í hinum ýmsu byggðum um land allt eins og sjá má t.d. á heimasíðu Byggðastofnunar.

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni landshlutasamtaka á landsbyggðinni og Byggðastofnunar og hefur verið í gangi síðan árið 2004. Hún hefur síðan þá verið framkvæmd á þriggja ára fresti og er ætlunin að halda því áfram til þess að afla gagna um stöðu byggðanna á landinu öllu í þeirri viðleitni að bæta lífs- og búsetuskilyrði héraendis. Niðurstöður könnunarinnar eru væntanlegar á árinu 2024.

Vífill Karlsson hélt kynningarfundum á Blönduósi og á Hvammstanga í júní og kynnti þar samanburð á niðurstöðum eldri könnunar, þar sem borin voru saman sveitarfélög í Dölunum, V-Hún og A-Hún.

Áhugasamir geta skoðað skýrsluna [hér](#) eða samantekt [hér](#).

Afmælishátíð Beint frá býli

Haldin var 15 ára afmælishátíð Beint frá býli á 6 stöðum á landinu á árinu. Fyrir hátíðunum stóðu Beint frá býli, Landshlutasamtökin og Samtök smáframleiðanda matvæla. Á Norðurlandi vestra var hátíðin haldin á Stórhóli í Skagafirði.

Á svæðið mættu 11 framleiðendur frá Norðurlandi vestra sem eru aðilar að Beint frá býli til að kynna og selja afurðir sínar. Kvenfélag Lýtingsstaðahrepps var með bakkelsi á svæðinu og ferðapjónustan á Lýtingsstöðum teymdi undir börnum.

Hátíðin gekk mjög vel og reiknað er með að um 500 manns hafi komið á svæðið, fengið afmælistöku og kaffi í boði Beint frá býli og kynnt sér hvað framleiðendur á Norðurlandi vestra hafa upp á að bjóða.

Samstarf á vettvangi Ferðapjónustunnar

Samstarfsvettvangur ferðapjónustunnar á Norðurlandi vestra og SSNV, sem settur var á laggirnar árið 2014, hélt áfram með starfi sínu Fagráðs ferðapjónustunnar. SSNV leggur til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með Fagráði ferðapjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, A-Hún. og Skagafirði.

Fagráð ferðapjónustunnar 2023:

Anna Birna Þorsteinsdóttir, f.h. Ferðamálafélags V-Húnavatnssýslu

Evelyn Ýr Kuhne (til apríl 2023) Rúnar Máni Gunnarsson, f.h. Félags ferðapjónustunnar í Skagafirði

Guðjón Ebbs Guðjónsson f.h. Ferðamálafélags Austur-Húnavatnssýslu

Katrín M. Guðjónsdóttir, f.h. SSNV

Ráðgjafi á sviði ferðamála

Ráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV, sem starfar með fagráðinu, er Davíð Jóhannsson. Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem spröttin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitarstjórna, stjórnarsýslunnar og greinarinnar sjálfar.

Samstarfið

Upplegg þessa samstarfs er að:

- a) skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang á ferðapjónustu á Norðurlandi vestra,
- b) skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðapjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra,
- c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðapjónustu á Norðurlandi vestra,
- d) styðja við vöruþróun og markaðs- og kynningarstarf ferðapjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Fundir

Á síðustu árum hafa árlega verið haldnir 1-2 samráðsfundir fagraðs með sveitarfélögum um málefni ferðapjónustunnar. Þar eru t.d. málefni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og verkefna á svæðinu honum tengd eitt helsta umræðuefnið. Slíkur fundur var haldinn í lok maí 2023. Að auki fundaði fagraðið þrisvar sinnum á árinu.

Markaðsstofa Norðurlands - Áfangastaðastofa

Sem fyrr eru sveitarfélögin á starfssvæðinu aðilar að Markaðsstofu Norðurlands í gegnum SSNV og hefur stjórn samtakanna að jafnaði einn fulltrúa í stjórn MN. Því hlutverki sinnti Jóhann Ey Harðardóttir. Talsverð samskipti eru að jafnaði við Markaðsstofuna, t.d. í formi funda og ýmiss konar upplýsingamiðlunar og er þeim að stórum hluta sinnt af ráðgjafa á sviði ferðamála. Um tuttugu ferðapjónustuaðilar af svæðinu kynntu þjónustu sína á Mannamótum landshlutanna seinni part janúar. Þessi vettvangur milli ferðapjónustuaðila á landsbyggðinni og söluaðila á höfuðborgarsvæðinu, sem Markaðsstofur landshlutanna standa að, hefur fest sig vel í sessi.

Straumhvörf

Í mars 2024 fékkst styrkur úr C1-sjóði til sértækra verkefna Sóknaráætlunar, sem SSNV sótti um ásamt SSNE og Austurbrú með Markaðsstofu Norðurlands, sem umsjónaraðila. Með verkefninu var ætlunin að skerpa sjónir ferðapjónustufyrirtækja frá Norðurlandi vestra til Austurlands á þá möguleika, sem beint flug frá mikilvægum markaðssvæðum inn á Akureyri getur skapað. Verkefnið fólst í vinnustofum, þar sem þessar forsendur voru drifkraftar í vöruþróun fyrirtækjanna og voru ráðgjafar frá KPMG fengnir til að halda utan um þessa vegferð og sinna ákveðinni greiningarvinnu, út frá stöðu svæðanna. Verkefninu var svo lokið með kynningum fyrir ferðasöluaðilum í Ferðapjónustuvíkunni í ársbyrjun 2024.

Haustdagur ferðapjónustunnar

Eftir nokkuð stöðuga tilveru allt frá árinu 2015 bar það til tíðinda að Haustdagur ferðapjónustunnar var ekki haldinn þetta árið. Má þar e.t.v. um kenna að nokkuð var um ferðapjónustutengda viðburði þegar kom inn á haustið. En kannski má segja að við höfum getað notið ávaxta Haustdagsins 2022, sem var nýttur sem vinnustofa stefnumótunarverkefnisins og haldin var kynning á útkomu þess verkefnis í byrjun mars.

Kúrsinn stilltur

Undir þessu vinnuheiti var fyrripart árs 2022 lagt upp í vegferð, sem skyldi skila af sér afurð, sem myndi vísa veginn fyrir framtíð ferðapjónustunnar á svæðinu. Hér skyldi horft til þess sem svæðið telur sig standa fyrir og getur boðið upp á, en einnig þeirra þátta sem kann að skorta fyrir frekari framþróun. Stefnt var að því að framlag einstakara svæða/sveitarfélaga væri sýnilegt, en einnig að þeir bakgrunnspættir, sem væru dregnir upp, yrðu skoðaðir út frá ásýnd svæðisins sem búsetukosts. Til verksins var fengin Hjörtur Smáráson ráðgjafi hjá Saltworks, sem hefur talsverða reynslu af svipuðum verkefnum á alþjóðavettvangi. Hjörtur hófst handa á haustdögum með gagnasöfnun, viðtölum og vinnufundum og kynnti niðurstöður heildarvinnunnar á sérstökum kynningarfundu í mars 2023 og ársþingi SSNV í apríl 2023. Skýrsluna má finna [hér](#).

Þær niðurstöður (áherslupunktur) þessarar vinnu, sem unnið er með í framhaldinu eru:

- ÆVINTÝRAFERÐAMENNSKA (UPPLIFUNARFERÐAMENNSKA)
- HESTAMENNSKA
- SÖGULEIÐ
- SAMVINNURÝMI FYRIR HEIMAMENN OG FERÐAFÓLK (“WORKATION”)



Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra

Verkefni sem snúa að því að skapa ný tækifæri á svæðinu og auka fjárfestingu hafa verið í fullri vinnslu á árinu. Líkt og sjá má á öðrum svæðum á landsbyggðinni þá taka verkefni sem þessi oft langan tíma en þó eru mörg verkefni í fullum gangi og standa vonir til að þau raungerist og dragi inn á svæðið aukin umsvif og íbúa.



Unnið hefur verið að skógarplöntuverkefni í Húnaþingi vestra undanfarin 2 ár.

Markviss vinna var unnin með sveitarstjórnnum í hverju sveitarfélagi til að finna hvar áhugi og styrkleikar þeirra liggja þegar kemur að auknum fjárfestingum. Út frá því voru valin ákveðin verkefni sem unnið hefur verið að í nánu samstarfi við sveitarfélögin og aðra hagaðila. Lagt var upp með að hvert og eitt sveitarfélag hefði 3-5 verkefni sem unnið yrði að í sameiningu við landshlutasamtökin og aðra hagaðila. Óhætt er að fullyrða að verkefnið sé mjög metnaðarfullt og hafa önnur landshlutasamtök fengið að nýta þá aðferðafræði á sínum svæðum.

Jafnframt var SSNV brautryðjandi í samstarfi við Íslandsstofu á árinu varðandi sameiginlega fjárfestingarsíðu fyrir allt landið. Verkefnið gengur út á að kortleggja tækifærin sem leynast vítt og breytt um landið og skrásetja þau inn á www.invest.is sem er í umsjón Íslandsstofu. Er það markvissari leið til að ná til erlendra og innlendra fjárfesta en áður hefur verið notast við. Erum við hjá SSNV stolt af þessu verkefni sem er nú þegar farið að skila árangri.


Það er okkar upplifun að SSNV hafi sýnt framsýni með áhersluverkefninu að auka fjárfestingar á svæðinu enda hafa önnur landshlutasamtök tekið upp sambærileg verkefni og viljað nálgast það með sama hætti og við.

Varðandi þau verkefni sem unnið hefur verið að á árinu hefur mikil áhersla verið á að efla ferðaþjónustu með uppbyggingu á hótélum viðsvegar um svæðið í huga. Kortlagning á lóðum og kynning fyrir rekstraraðilum og fjárfestum er í fullum gangi. Áskorun okkar svæðis í þeim efnum er skortur á afþreyingu allt árið um kring þótt tækifærin til slíks séu vissulega til staðar. Einnig má ætla að aukin samstaða og skýr sameiginleg sýn landshlutans sem áfangastað geti haft mikil áhrif á þá sem kynna sér svæðið fyrir hótelfjárfestingar. Það eru því stór verkefni framundan í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu og mikilvægt að við vinnum heimavinnuna til að gera svæðið áhugavert fyrir fjárfesta. Í því samhengi hafa sveitarfélög verið að kortleggja önnur tækifæri tengd ferðaþjónustu s.s. lóðir fyrir baðlón, gufuböð, afþreyingu o.fl. Það verður áframhaldandi vinna sem mun á endanum koma Norðurlandi vestra enn betur á kortið hjá ferðamönnum.

Önnur verkefni sem vert er að minnst á er m.a. skógarplöntuframleiðsla í Húnaþingi vestra sem unnið hefur verið að undanfarin tvö ár. Verkefnið hefur fengið mikla athygli bæði innanlands og utanlands og er vel á veg komið.

Framleiðsla á tilbúnum húsum er annað verkefni sem hefur verið unnið að á árinu. Slík framleiðsla getur skapað töluvert af störfum og svarar kalli landsbyggðarinnar um aukið húsnæði í dreifðar byggðir. Einnig má nefna verkefnið sem snýr að uppbyggingu á Hólum í Hjaltadal en mikil og markviss vinna var unnin á árinu eftir að styrkur hlaut úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til verkefnisins. Það eru gríðarleg tækifæri sem finna má á Hólum en til þess að þau megi nýta þarf að vinna grunnvinnu sem nú er unnin hjá stjórnvöldum og má segja það stóran sigur að hafa komið verkefninu á þann stað sem það er í dag.

Ýmis önnur verkefni mætti telja upp sem unnið hefur verið að en vert er að minnst á að áhersla hefur verið á að styðja við þau fyrirtæki sem eru á staðnum og leita tækifæra fyrir þau til að stækka og eflast.



Nýsköpun

Undanfarið ár hefur áfram verið unnið að því efla nýsköpun á okkar svæði. Við trúum því sem fyrr að nýsköpun sé lykillinn að því að efla byggðir landsins. Norðurland vestra er í einstakri stöðu til verðmætasköpunar með þær auðlindir sem hér eru. Okkar hlutverk er að vekja athygli á þeim og styðja við þá frumkvöðla sem sjá tækifærin.

Í þeirri vegferð hefur SSNV komið að ýmsum verkefnum á árinu og má þar m.a. nefna öflugt samstarf við SSNE og Eim í gegnum verkefnið Norðanátt sem hélt áfram frá fyrri árum.

Í upphafi árs hélt teymið til Noregs með valda frumkvöðla með sér til að kynna nýsköpunarumhverfinu þar í landi. Norðmenn eru í fararbroddi þegar kemur að stuðningi við frumkvöðla og hægt að læra mikið af þeirra aðferðafræði. Sérstök áhersla var lögð á norður-Noreg enda á það svæði töluvert sameiginlegt með norður-Íslandi. Verkefnið hlaut styrk úr Lóu Nýsköpunarsjóði sem kostaði ferðina. Í framhaldi af ferðinni skilaði hópurinn skýrslu til ráðherra nýsköpunar sem nýtist vonandi við mótun stuðnings við frumkvöðla á komandi árum.



Fjárfestahátíðin á Siglufirði var haldin í annað sinn og sóttu þrjátíu teymi um að taka þátt. Valnefnd sem skipuð var af sex öflugum sérfræðingum úr atvinnulífinu valdi fjórtán teymi sem kynntu verkefni sín fyrir fullum sal fjárfesta við góðar undirtektir. Verkefnin sem tóku þátt voru:

Bambahús - Úr drasli í nasl

Biopol - Ocean Gold

EONE ehf. - e1 sameinar allar hleðslustöðvar í eitt app fyrir rafbílinn þinn!

Frostþurrkun ehf. - Miðlægt frostþurrkunarver á Íslandi

Gefn - Nýsköpun í grænni efnafræði

GeoSilica Iceland - GeoSilica framleiðir hágæða steinefni úr íslensku jarðhitavatni

GreenBytes - Reducing food waste and increasing profit in restaurants.

Gull úr Grasi - Tryggjum fóður og fæðuöryggi

IceWind - Vindtúrbínur fyrir öfgafullt veðurfar á norðurlóðum

Kaja Organic - Jurtamjólkur verksmiðja

Melta - Melta er ný closed-loop hringrásarþjónusta fyrir lífrænan heimilisúrgang

Skógarplöntur ehf. - Framleiðsla á skógarplöntum á nýjan hátt

Vínland Vínkran - Vínrækt, víngerð, veitingarstaður og vínmeðferða Spa

YGG - Yggdrasill Carbon þróar hágæða íslenskar vottaðar kolefniseiningar úr landnýtingarverkefnum

Hátíðin vakti mikla athygli og sjáum við strax ávinning af hátíðinni í fyrra. Teymi sem þar komu fram hafa tryggt sér fjármögnun og þakka þeim vettvang sem fjárfestahátíðin er þann góða árangur.

Í október var haldið áfram með árlegan viðskiptahraðal sem í ár fékk nýtt yfirbragð og kom fram undir nafninu Startup-Stormur. Sjö verkefni af Norðurlandi tóku þátt og fengu þar aðgengi að öflugum hópi leiðbeinenda úr atvinnulífinu ásamt ráðgjöf og handleiðslu til að móta og þróa viðskiptahugmyndir sínar.

Til viðbótar við stuðning við nýsköpun í gegnum verkefnið Norðanátt hefur starfsfólk SSNV komið að fjölmörgum nýsköpunar verkefnum á árinu. Ápreifanleg aukning er í atvinnuráðgjöf hjá samtökunum sem oftast en ekki snýr að frumkvöðlum sem sækjast eftir aðstoð við hugmyndir sínar.

Valdefling ungs fólks á Norðurlandi vestra – Ungmennaping SSNV 2023

Fimmtudaginn 5. okt stóð SSNV fyrir ungmennapingi í félagsheimilinu á Blönduósi. Markmiðið var að búa til viðburð fyrir ungt fólk á aldrinum 13-18 ára þar sem þau fá tækifæri til að ræða málefni sem brenna á þeim og koma skoðun sinni á framfæri. Markmiðið var að stuðla að tengslamyndun meðal unga fólksins þvert á sveitarfélögin og efla tengsl milli unga fólksins í landshlutanum og SSNV.

Þingið var vel heppnað og þangað mættu 20 ungmenni á aldrinum 13-18 ára frá öllum sveitarfélögum landshlutans. Þemað á þinginu var umhverfismál og nýsköpun. Á þingið komu góðir gestir, Sævar Helgi Bragason stýrði vinnustofu og Ragnhildur Friðriksdóttir talaði um leynivopnið í baráttunni við loftslagsbreytingar. Ungu fólkið var hvatt til skapandi hugsunar og nýsköpunar til að takast á við áskoranir sem tengjast umhverfismálum og sjálfbærri framtíð í landshlutanum.

Niðurstöður voru svo kynntar á haustþingi SSNV. [Hér](#) er hægt að nálgast samantekt og [hér](#) má nálgast skýrsluna.

Ungir frumkvöðlar

SSNV studdi við verkefnið Ungir frumkvöðlar sem var hluti af áfanganum frumkvöðlafræði í FNV. Karítas Björnsdóttir kenndi áfangann og var markmiðið að nemendur lærðu að stofna fyrirtæki utan um viðskiptahugmynd.

Tvö teymi/fyrirtæki úr FNV fóru sem fulltrúar Norðurlands vestra á Vörumessu ungra frumkvöðla í Smáralind föstudaginn 24. mars. Fyrirtækin eru H. Hampur sem er að vinna þráð úr hampi og arbella sem er að þróa lausn sem hjálpar krökkum á aldrinum 13-16 ára að finna verkefni við hæfi sem þau geta fengið greitt fyrir.

Alls tóku 160 fyrirtæki og 700 nemendur þátt í Vörumessunni frá 15 framhaldsskólum á landinu. Nemendurnir kynntu fyrirtækin sín og vörurnar sínar. Dómnefnd mat hugmyndirnar og valdi viðskiptahugmynd ársins sem vann sér inn keppnisrétt í Evrópukeppni ungra frumkvöðla.

Verkefnið H. Hampur komst í úrslit Ungra frumkvöðla og var valið áhugaverðasta nýsköpunin.

Umhverfismál

Aukin áhersla var lögð á umhverfismál á árinu. Eitt af áhersluverkefnum landshlutans á árunum 2022-2023 er landshluti til forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum.

Meginmarkmið þessa verkefnis er að styðja við sveitarfélögin til að mæta kröfum sem gerð eru á þau m.t.t. loftslagsmála og heimsmarkmiða auk þess að efla umhverfisvitund íbúa og auka árangur í takt við sóknaráætlun landshlutans. Undirbúningur þess fór af stað seinni hluta ársins og miðaði fyrst og fremst að því að móta vinnustofur og verkefni sem munu styðja við sveitarfélögin í landshlutanum að setja loftslagsstefnu, aðgerðaáætlun og mælanleg markmið í loftslagsmálum í samræmi við lög nr. 70/2012 um loftslagsmál. Á sama tíma var hafinn undirbúningur hjá SSNV að kortleggja neikvæð umhverfisáhrif frá eigin rekstri og hefja undirbúning til að móta stefnu um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og neikvæðra umhverfisáhrifa frá starfseminni.

Styrkur fékkst úr samfélagssjóði Landsvirkjunar til þess að halda örráðstefnu um umhverfismál á Norðurlandi vestra. Markmið verkefnisins var að efla þekkingu á sviði umhverfismála á Norðurlandi vestra og stuðla að auknu samtali milli ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í landshlutanum. Efla þekkingu stjórnenda á því hvernig hægt er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá rekstri og forðast grænþvott.

Svæðisáætlun úrgangs á Norðurlandi

Sveitarfélög á starfssvæðum SSNV og SSNE, þ.e. Húnaþing vestra, Húnabyggð, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagatrönd, og Sveitarfélagið Skagafjörður, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshreppur og Langanesbyggð, unnu að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í samræmi við 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Vinna við gerð svæðisáætlunar hófst í janúar 2022 og er hluti af vinnu sveitarfélaganna við aðlögun að nýrri löggjöf og um leið uppfærsla á gildandi svæðisáætlun sem gildir frá 2015-2026. Haldinn var stefnumarkandi fundur með kjörnum fulltrúum, starfsfólki sveitarfélaganna og öðrum áhugasömum þann 25. apríl 2022 og var sú vinna nýtt við gerð svæðisáætlunar. Einnig voru drög að svæðisáætlun kynnt fyrir öllum sveitarstjórnnum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en tillaga að svæðisáætlun yrði lögð fram til almennrar kynningar.

Tillaga að svæðisáætluninni, ásamt umhverfismatsskýrslu í samræmi við III. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2012, lá fyrir í mars 2023. Þá tók við sex vikna kynningarferli þar sem almenningi gafst kostur á að kynna sér tillöguna og umhverfismatsskýrsluna og koma athugasemdum sínum á framfæri. Að kynningarferlinu loknu var gengið frá endanlegri áætlun og hún send til afgreiðslu hjá viðkomandi sveitarstjórnnum. Áætlunin tók gildi í október 2023.

Hér er hægt að nálgast áætlunina.



Erlend samstarfsverkefni

Starfsfólk SSNV hefur verið duglegt að sækja styrki í erlenda samstarfssjóði til verkefna og eru nokkur verkefni í gangi. Flest af þessum verkefnum eru fjármögnuð af hluta til í gegnum Norðurslóðaáætlun.

Target Circular - Supporting Sustainable SMEs to Success

Target Circular er samstarfsverkefni írskra, norskra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem byggir á nýlegum rannsóknum á því hvernig fyrirtæki geta notað vísindalega nálgun við ákvarðanatöku. Samstarfsaðilar verkefnisins, sem er styrkt af Norðurslóðaáætlun, munu vinna með litlum og meðalstórum fyrirtækjum að umbreytingu í átt að hringrásarhagkerfi og sjálfbærum starfsháttum með því að hjálpa fyrirtækjum að nota „stefnukortlagningar“ ferli til að taka ákvarðanir um hvernig eigi að innleiða sjálfbærniaðgerðir á áhrifaríkan hátt.

Hluti af verkefninu lýtur að þjálfun fyrir verkefnastjóra í að aðstoða önnur fyrirtæki að nýta sér þessi tól og gefur möguleika á að staðla þjálfun fyrir framtíðarverkefnastjóra landshlutasamtaka.

Verkefninu var formlega ýtt úr vör á staðfundi í Kokkola í Finnlandi í júnímánuði, en alla jafna er svo fundað mánaðarlega á Teams.

GLOW - Green energy technologies for tourism growth

GLOW 2.0 er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að beita „grænu viðskiptamódeli“ í tilraunaverkefni um hvernig megi þróa sjálfbæran rekstur í litlum og meðalstórum fyrirtækjum með áherslu á þau sem nýta myrkrið, gæði þess og næturhímininn á norðurslóðum, í starfsemi sinni. Upphafsfundur verkefnisins var haldinn síðla febrúar í Joensuu í Finnlandi og annar fundur í tengslum við fræðsluferð í Belmullet á Írlandi í september. Hér er einnig hist mánaðarlega á Teams.

SUB

Þriðja verkefnið sem einnig var lagt upp í á árinu, ásamt aðilum frá Finnlandi, Færeyjum, Írlandi og Svíþjóð, fæst við möguleika í sjálfbærri hjólaferðamennsku á Norðurlóðum. Einnig hér teljum við Norðurland vestra og fjölda lítilla og örsmárra fyrirtækja á svæðinu geta þróað áhugaverða vöru fyrir hratt vaxandi grein innan ferðapjónustunnar. Upphafsfundur verkefnisins var haldinn í október í Posio í Finnlandi, en 1-2 verkefnafundir eru að auki mánaðarlega í netheimum.

BRAIN - Building Resilient And Innovative Networks among rural communities

Fjórða verkefnið BRAIN, sem var samstarfsverkefni írskra, finnskra og íslenskra aðila og unnið hafði verið að umsókn að á árinu hlaut ekki brautargengi valnefndar. Samtökin tóku ákvörðun um að taka ekki þátt í endurnýjaðri umsókn ef til hennar kæmi.

Verkefnið snérist um að kanna möguleikann á stafrænni stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki í dreifðum byggðum með áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við hringrásarhagkerfið.

TOURBIT

Á haustmánuðum 2021 gerði SSNV samning við Íslenska ferðaklasann um að leggja til ráðgjafa SSNV á sviði ferðamála sem verktaka til að sinna ákveðnum hluta TOURBIT-Evrópuverkefnisins undir hatti Íslenska ferðaklasans. Í verkefninu hefur verið leitað að leiðum til að greina þörf á stafrænum lausnum fyrir smá og meðalstór ferðapjónustufyrirtæki í þátttökulöndunum og stuðla að frekari þróun og notkun þeirra. Þátttakendur í verkefninu eru auk Íslands frá Spáni, Frakklandi, Belgíu, Finnlandi, Slóveníu og Portúgal og er verkefnið leitt af katalónska ferðamálaráðinu. Verkefnið fór formlega af stað í ársbyrjun 2022 og er nú 30 mánuðum síðar að renna skeið sitt á enda í sumarbyrjun. Á árinu 2023 kom að þeim hluta verkefnisins, þar sem smá-, meðalstór og örfyrirtæki gátu sótt um styrk að upphæð 9.000,- evrur fyrir stafræna vegferð sína þ.e.a.s. að innleiða nýja lausn eða fá ráðgjöf fagaðila fyrir næstu skref. Tuttugu fyrirtæki víðsvegar af landinu sóttu um en sjö þeirra hlutu náð fyrir dómnefnd á endanum og vinna nú í þessum verkefnum. Hér voru vissulega ákveðin vonbrigði að ekkert fyrirtæki af Norðurlandi vestra skyldi sjá tækifæri í að sækja um í þennan pott.

Byggðagleraugin

Stjórn SSNV veitir ár hvert viðurkenninguna Byggðagleraugin til ráðuneytis eða stofnunar sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Er viðurkenningunni ætlað að hvetja forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja til að horfa með „byggðaglerauginum“ á verkefni sinna eininga og nýta þau tækifæri sem gefast til flutnings starfa/verkefna á landsbyggðina í samræmi við áherslur byggðaáætlunar.

Aðilar sem til greina koma skulu;

- vera með starfsstöð í landshlutanum,
- hafa sýnt í verki vilja til að efla starfsstöðvar sínar í landshlutanum,
- eða með öðrum hætti stuðlað að fjölgun starfa í landshlutanum.

Stjórn SSNV velur þann aðila sem viðurkenninguna hlýtur ár hvert og er viðurkenningin afhent á ársþingi samtakanna.

Viðurkenningin var veitt í fyrsta skiptið árið 2021.


Byggðagleraugin 2023 hlaut Fjölbautaskóli Norðurlands vestra fyrir framsækið og metnaðarfullt skólastarf. Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV afhenti Þorkeli V. Þorsteinssyni aðstoðarskólameistara FNV viðurkenninguna á 31. Ársþingi SSNV þann 14. apríl síðast liðinn. Fjölbautaskóli Norðurlands vestra hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið á Norðurlandi vestra og þykir fyrirmyndardæmi um metnaðarfullt skólastarf á landsvísu. Skólinn hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og er í stöðugri þróun í sínu framsækna og faglega skólastarfi.



Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV og Þorkell V. Þorsteinsson aðstoðarskólameistara FNV.

Útibúið

Útibúið, skrifstofusetur SSNV, býður upp á 10 skrifstofurými til útleigu með möguleika á opnu eða lokuðu rými og öll vinnuaðstaða er til fyrirmyndar. Skrifstofusetur stuðla að því að hægt verði að taka við störfum án staðsetningar, bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem vilja flytja störf sín með sér út á land og alla þá sem þurfa á vinnuaðstöðu að halda. Ferðamálastofa hefur tekið eitt rými á leigu fyrir starfsmann og Markaðsstofa norðurlands hefur nýtt sér aðstöðuna.



Framúrskarandi verkefni

Árlega er kallað eftir tilnefningum íbúa svæðisins að framúrskarandi verkefnum sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður. Viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni eru veittar í tveimur flokkum, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningar.

Á fundi stjórnar var tekin ákvörðun, byggt á tilnefningu íbúa, um hvaða verkefni fengju viðurkenningu árið 2023:

Kaffibrennslan Korg í Skagafirði - á sviði atvinnu og nýsköpunar

Kaffibrennslan Korg í Skagafirði er framúrskarandi verkefni á sviði atvinnu og nýsköpunar 2023. Vala Stefánsdóttir og Rannveig Einarsdóttir hljóta viðurkenninguna fyrir kaffibrennsluna Korg fyrir framleiðslu á kaffi. Uppbygging er hafin á kaffibrennslu á Páfastöðum 2 í Skagafirði en kaffibrennslan Korg hefur það markmið að flytja inn ferskar kaffibaunir í háum gæðum og auka þannig úrval af gæða kaffi á Íslandi, sérstaklega á Norðurlandi vestra. Með því að rista kaffið vandlega og frekar ljóst eru dregnir fram náttúrulegir og fjölbreyttir bragðtónar í kaffið. Þannig feta þær í fótspor smábrugghúsa með uppbyggingu sem styður við kaffimenningu, nýjungar í framleiðslu, aukið framboð á gæðakaffi ásamt fræðslu og fjölbreyttum námskeiðum sem tengjast kaffi.



Guðlaugur Skúlason og Katrín M. Guðjónsdóttir ásamt eigendum kaffibrennslunnar Korg Völu Stefánsdóttur og Rannveigu Einarsdóttur.

Leikflokkur Húnaþings vestra - á sviði menningarmála



Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV ásamt stjórn leikflokksins, Ragnar Heiðar Ólafsson, Arnar Hrólffsson og Erla Björg Kristinsdóttir.

Leikflokkur Húnaþings vestra hlýtur viðurkenninguna fyrir leikritið Himinn og Jörð. Leikflokkurinn hefur getið af sér gott orðspor við uppsetningu á verkefnum og er árangurinn eftir því.

Leikflokkurinn setti upp sýninguna Himinn og jörð eftir Ármann Guðmundsson en söngleikurinn var saminn fyrir leikflokkinn við 16 lög Gunnars Þórðarsonar. Sýningar leikflokksins eru unnar af gríðarlegum metnaði og hvergi slegið af kröfum við uppfærslur. Leikmynd, búningar og leikgervi, dansar, tónlistarflutningur, lýsing og hljóðblöndun skapa saman sterka heild. Leikflokkurinn hefur tvívegis frá árinu 2019 verið með verk sem valin hafa verið athyglisverðasta sýning hjá áhugaleikfélagi innan Bandalags íslenskra leikfélaga, annars vegar Hárið árið 2019 og hins vegar Pétur Pan 2022.

Náms- og kynnisferð til Noregs á vegum Byggðastofnunar

Hópur starfsmanna frá Byggðastofnun, landshlutasamtökunum og byggðamálaráði hélt í viking til Noregs í nokkra daga um miðjan maí í náms- og kynnisferð. Markmiðið var að heyra um og læra af frændþjóð okkar varðandi byggðamál í víðu samhengi og efla tengslanetið. Hópurinn dvaldi bæði í Osló og í Þrándheimi og gafst tækifæri til að hitta sérfræðinga sem starfa innan byggða- og atvinnumála, og/eða í nýsköpunargeiranum í Noregi.

Meðal þeirra stofnana sem heimsóttar voru var Norræni nýsköpunarsjóðurinn (Nordic Innovation), en markmið sjóðsins er að stuðla að því að Norðurlöndin séu leiðandi í sjálfbærni, nýsköpun og að nýsköpunarfyrirtæki séu samkeppnishæf. Sendiherra Íslands, Högni Kristjánsson og hans starfsfólk í Osló, tók einnig á móti hópnum ásamt íslenskum frumkvöðlum, þeim Valgeiri Magnússyni framkvæmdastjóra auglýsingastofunnar Pipar/TBWA og Erni Thompsen framkvæmdastjóra Arctic Trucks en þeir hafa haslað sér völl í atvinnulífi í Noregi. Í þeirri heimsókn hittu hópurinn einnig þær Steinunni Þórðardóttur sem er formaður norsk-íslenska viðskiptaráðsins og Sigríði Þormóðsdóttur hjá Standard Norge en þær stöllum greindu frá sínum starfsvettvangi og hugmyndum sínum um möguleika til nýsköpunar á breiðum grunni.



Osló, Noregi.

Í Þrándheimi undirbjuggu heimamenn ráðstefnu fyrir hópinn þar sem ýmsir aðilar héldu framsögu um byggðatengd málefni. Þar komu að máli aðilar úr stjórnarsýslu Þrándalaga, fulltrúar úr atvinnulífinu, fulltrúar úr háskólaumhverfinu og fleiri. Mörg áhugaverð erindi voru flutt m.a. um orkumál, nýsköpun, laxeldi, ferðapjónustu, sameiningu sveitarfélaga, svæðisbunda verðmætasköpun, mikilvægi menntunar og rannsókna og fleira. Íslenski hópurinn kynnti einnig það helsta sem er efst á baugi í byggðamálum á Íslandi auk þess að kynna stuttlega starfsemi Byggðastofnunar, landshlutasamtakanna og byggðamálaráðs. Miklar og góðar umræður sköpuðust á ráðstefnunni á milli aðila um fjölbreytt viðfangsefni og ljóst að hugmyndir um frekara samstarf fengu byr undir báða vængi.

Auk ráðstefnunnar heimsótti hópurinn rannsóknarstofnun um byggðamál í Þrándheimi, Ruralis, en þar fékkst innsýn í fjölbreytt rannsóknarstarf sem varpar ljósi á byggðapróun í Noregi.



Frá heimsókn hópsins til Nordic Innovation.

Fræðsluferð SSNV og SSV til Skotlands

Undanfarin kjörtímabil hafa ýmis landshlutasamtök sveitarfélaga skipulagt fræðsluferðir fyrir kjörna fulltrúa og bæjar- og sveitarstjóra til að kynna sér hvað efst er á baugi hjá nágrannaþjóðum. Í hópi þessara landshlutasamtaka eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) sem ákváðu snemma á þessu ári að skipuleggja sameiginlega ferð til Skotlands.

Þátttaka í ferðina var framar öllum vonum en 60 manna hópur, sveitarstjórnarfulltrúa, bæjar- og sveitarstjóra og starfsmanna SSV og SSNV hélt í viking til Skotlands síðustu vikuna í ágúst. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér helstu áherslur Skota í byggða- og sveitarstjórnarmálum. Hópurinn byrjaði á því að heimsækja Inverness, höfuðborg hálandanna, þar sem byggðastofnun svæðisins Highlands and Islands enterprise (HIE) hafði skipulagt dagskrá með okkur. Þar var boðið upp á áhugaverð erindi um vindorku, ýmis samfélagsverkefni sem stofnunin hefur stutt við, ferðaþjónustu, fasteignafélag sem notað hefur verið til uppbyggingar atvinnuhúsnæðis í fámennari byggðalögum og loks var farið yfir skipulag almenningsgangna í Hálöndunum. Síðan var farið í heimsókn í Inverness Campuss sem HIE hefur byggt upp í samvinnu við Háskóla Hálanda og eyja og atvinnulífið á svæðinu og er n.k. nýsköpunar og þróunarsetur. Þar er boðið upp á einstaka rannsóknaraðstöðu, rými fyrir ný fyrirtæki og frumkvöðla og einstakt samfélag þessara aðila.

Rúsínan í pylsuendanum í Inverness var heimsókn í WASPS sem er samvinnurými fólks í skapandi greinum. Það var tæplega 40 mín gangur frá Inverness Campus niður í miðbæ þar sem WASPS er staðsett.

Frá Inverness var haldið í átt til Edinborgar með viðkomu í Cairngorm þjóðgarðinum. Þjóðgarðurinn er annar af tveimur þjóðgörðum í Skotlandi og er bæði yngri og stærri en þjóðgarðurinn við Loch Lomond. Þar fékk hópurinn fróðlegt erindi um þjóðgarðinn, hvernig hann hefur stuðlað að jákvæðri byggðaþróun og stutt við ferðaþjónustu á svæðinu. Í þjóðgarðinum búa um 18 þúsund íbúar, ýmist í litlum þorpum eða á bóndabýlum og er sambúð íbúa og verndarsjónarmiða stöðug áskorun sem leyst er með öflugum samráði.

Síðasti viðkomustaður í ferðinni var höfuðborg Skota, Edinborg. Þar heimsótti hópurinn COSLA sem er Samband sveitarfélaga í Skotlandi. Steven Heddle varaforseti COSLA og sveitarstjórnarfulltrúi á Orkneyjum opnaði dagskrána. Skotarnir kynntu fyrir okkur verkefni sem þeir kalla Business gateway og snýst um ráðgjöf og að skapa tengsl á milli sveitarfélaga og atvinnulífsins. Þá fékk hópurinn kynningar um umhverfis- og loftlagsmál annars vegar og velferðarmál hins vegar, en þessir málaflokkar eru meðal helstu áhersluatriða COSLA næstu árin. Það var fróðlegt að heyra af helstu verkefnum sveitarfélaga í Skotlandi og ljóst að þær áskoranir sem þau standa frammi fyrir eru mjög svipaðar og íslensk sveitarfélög glíma við.



Hið fræga Harry Potter stræti í Edinborg. Myndin er tekin að kvöldlagi og umhverfið töfrum líkast.

Það er ljóst að ferðir sem þessi eru vel til þess fallnar að víkka sjóndeildarhring sveitarstjórnarfólks, kynnast helstu áskorunum sveitarfélaga erlendis og máta þeirra lausnir við áskoranir heima fyrir. Þá skiptir samtalið um sveitarstjórnarmál sem og aukin kynni á milli aðila sem skapast í svona ferðum gott veganesti fyrir frekari störf heima fyrir.

Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið

Eins og fyrri ár var lögð áhersla á að auka sýnileika landshlutans og miðla upplýsingum úr starfi samtakanna. Heimasíða og samfélagsmiðlar hafa verið nýttir til þess og svæðismiðlarnir hafa verið ötulir í að koma upplýsingum á framfæri. Í auknum mæli hafa fréttir af starfi samtakanna ratað í landsmiðlana og þannig vakið athygli á landshlutanum í heild. Fjölmiðlar leita gjarnan til samtakanna þegar þá vantar viðmælendur um hin ýmsu mál og hefur þá verið bent á aðila sem málið varðar.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða samtakanna er jafnframt mikilvægur liður í miðlun upplýsinga innan svæðis sem utan. Á árinu 2023 voru samtals birtar um 100 fréttir á heimasíðu samtakanna. Þeim var jafnframt deilt á samfélagsmiðlum, aðallega á facebook en einnig á instagram. Einhverjar fréttir eru aðeins birtar á samfélagsmiðlum og jafnframt hafa instagram- og facebook sögur verið notuð fyrir miðlun upplýsinga af daglegu starfi samtakanna.

Fylgjendum á facebook fjölgaði úr 1700 í upphafi árs 2023 í rúmlega 1870 í lok árs. Að meðaltali ná færslur sem þar er deilt til um 1100 manns.

Fylgjendum á instagram voru í lok árs 2023 um 519.

Ráðstefnur og viðburðir

Áfangastaðurinn Norðurland vestra

Á fundinum fór Hjörtur Smáráson hjá Saltworks yfir niðurstöður verkefnis, sem hann vann fyrir SSNV. Kynntar voru tillögur að stefnumótun fyrir ferðapjónustuna á Norðurlandi vestra út frá stöðu og samkeppnishæfni og hvernig ímynd svæðisins getur virkað á íbúapróun og atvinnumál. Reifaðar voru tillögur að því hvernig megi styrkja ímynd svæðisins og í leiðinni aðdráttarafið til að laða að nýja (og gamla..) íbúa - til góða fyrir samfélag og atvinnulíf.

Atvinnuuppbygging og íbúamarkaður á Norðurlandi vestra

Byggðastofnun, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Samtök iðnaðarins og Lóa nýsköpunarstyrkur stóðu saman að opnum fundi á Kaffi Krók í hádeginu 19. október.

Á fundinum var fjallað um atvinnuþróun í landsbyggðunum, stöðuna á íbúðamarkaði, stafræn byggingarleyfi, nýsköpunarstyrki, hagkvæmni og skilvirkni í íbúðauppbyggingu og þau lánaúrræði sem standa til boða bæði hvað varðar rekstur og íbúðauppbyggingu. Fulltrúar allra þeirra sem stóðu að fundinum héldu stutt erindi.

Frumkvöðlahádegjið

SSNV, SSNE og Eimur stóðu að vikulegum fræðsluerindum fyrir um nýsköpunarheiminn.

Erindin voru haldin á Teams í hádeginu á þriðjudögum og í kjölfar hvers erindis gafst þátttakendum kostur á að spyrja spurninga.

Rafrænn kynningarfundur – Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Rafrænn kynningarfundur um Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra var haldinn á ZOOM í hádeginu mánudaginn 9. október.

Á fundinum var farið yfir áherslur á matsblaði sem umsóknir eru metnar út frá og hvað góð umsókn þurfi að innihalda svo að hún komist áfram í frekara stigamat. Sömu leiðis var farið yfir hvernig góð umsókn fær hátt skor í stigamati því umsóknir Uppbyggingarsjóðsins eru teknar til afgreiðslu eftir stigamati; sú umsókn sem fær hæsta stigamatið er tekin til afgreiðslu fyrst.

Fundurinn var tekinn upp og er aðgengilegur á facebooksíðu samtakanna.

Beint frá býli dagurinn: Afmælishátíð á Stórhóli í Lýtingsstaðahreppi Skagafirði

Í tilefni 15 ára afmælis Beint frá býli voru haldnir afmælisviðburðir um land allt, sunnudaginn 20. ágúst 2023.

Á Norðurlandi vestra var viðburðurinn haldinn á Stórhóli (Rúnalist) í Skagafirði af Sigrúnu Helgu Indriðadóttur. SSNV voru styrktar- og samstarfsaðilar.

Á svæðið mættu 11 framleiðendur frá Norðurlandi vestra sem eru aðilar að Beint frá býli til að kynna og selja afurðir sínar. Kvenfélag Lýtingsstaðahrepps var með bakkelsi á svæðinu og ferðapjónustan á Lýtingsstöðum teymdi undir börnum.

Hátíðin gekk mjög vel og reiknað er með að um 500 manns hafi komið á svæðið, fengið afmælisköku og kaffi í boði Beint frá býli og kynnt sér hvað framleiðendur á Norðurlandi vestra hafa upp á að bjóða.

Vinnustofa um sameiginlega svæðisáætlun Norðurlands um meðhöndlun úrgangs

SSNV og SSNE í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir rafrænum fundi og vinnustofu um framtíðarstefnu Norðurlands í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Núverandi áætlun gildir til ársins 2026 og er gerð til 12 ára í senn en þessi vinna er nauðsynleg sem hluti af endurskoðun hennar.

Kynningarfundur um STARTUP STORM

Rafrænn kynningarfundur fór fram þriðjudaginn 5. september þar sem farið var yfir öll helstu atriði um Startup Storm ásamt því að fólki gafst kostur á að spyrja spurninga.

Startup Stormur er sjö vikna hraðall fyrir græn verkefni þar sem þátttakendur fá tækifæri til að efla sig og sín fyrirtæki og vaxa með vindinn í bakið. Hraðallinn er byggður upp að fyrirmynd viðskiptahraðla og er dagskrá sérhönnuð með þarfir teymanna sem taka þátt í huga og hafa þau þannig áhrif á þá fræðslu sem stendur þeim til boða.

Startup Stormur fór að mestu leyti fram á netinu en teymin hittust þrisvar sinnum meðan á hraðlinum stóð á vinnustofum á völdum stöðum á Norðurlandi. Þátttakendur kynntust reynslumiklum leiðbeinendum, frumkvöðlum, fjárfestum og stjórnendum fyrirtækja, sátu vinnustofur og fræðslufundi og mynduðu sterkt tengslanet sín á milli.

Startup Stormur hófst 4. október og lauk 16. nóvember með lokaviðburð þar sem teymin sem tóku þátt héldu fjárfestakynningar.

Straumhvörf - Kynningarfundur

Straumhvörf var vörupróunarverkefni í ferðapjónustu sem nær yfir allt Norður- og Austurland og var ætlað fyrirtækjum í ferðapjónustu og fulltrúum sveitarfélaga. Tilgangurinn var að nýta tækifæri sem felast í auknu millilandaflugi til Norður- og Austurlands og búa til nýjar vörur og vörupakka í ferðapjónustu. Að verkefninu stóðu Austurbrú/SSA, Markaðsstofa Norðurlands, SSNV og SSNE.

Undirbúningsfundur var haldinn á Teams 12. október þar sem verkefnið var kynnt og þátttakendur undirbúnir fyrir næstu skref.

Í framhaldi af kynningarfundinum voru haldnar vinnustofur á fjórum stöðum þar sem þátttakendur fengu fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við vörupróun.

Eftirfylgnifundir voru svo á Teams í nóvember.

Kynningarfundur um Fjárfestahátíð Norðanáttar 2024

Norðanátt bauð til opins kynningarfundar um Fjárfestahátíð Norðanáttar, en að Norðanátt standa SSNV, SSNE og Eimur.

Fjárfestahátíð Norðanáttar er vettvangur fyrir frumkvöðla sem leita eftir fjármagni og eru tilbúnir að fá fjárfesta að borðinu.

Á fjárfestahátíðinni, sem haldin er á Siglufirði í mars ár hvert, kynna sprota- og vaxtarfyrirtæki verkefni sín sem snerta til dæmis orkuskipti, hringrásarhagkerfið, fullnýtingu auðlinda eða aðrar grænar lausnir fyrir fullum sal fjárfesta.

Fjárfestahátíð Norðanáttar er lokaður viðburður (eingöngu fyrir boðsgesti) en tilgangur hátíðarinnar er að auka fjárfestingatækifæri á landsbyggðinni og tengja frumkvöðla við fjárfesta og aðra lykilaðila í stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi en dagskrá hátíðarinnar samanstendur alla jafna af ráðstefnuhluta, fjárfestakynningum, stefnumóti frumkvöðla og fjárfesta og tengslamyndun í lok dags.

Ársreikningur SSNV

Samtök sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Ársreikningur 2023

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnslaga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðapróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 19,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi (2022: tap 1,4 millj. kr.). Eigið fé samtakanna nam í árslok 106,3 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu 7 starfsmenn hjá SSNV í 6 ársverkum, auk þeirra störfuðu 18 aðilar í stjórn og nefndum samtakanna. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 25,4 millj. kr. á árinu (2022; 25,4 millj. kr.). Heildarlaun og launatengd gjöld námu 90,1 millj. kr. á árinu (2022, 96,0 millj. kr.).

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru fimm en þau eru: Húnaþing vestra, Húnaþing norðvestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagafjörður.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 2. apríl 2024.

Stjórn:

Guðmundur Haukur Jakobsson
Einar Eðvald Einarsson
Vignir Sveinsson
Jóhanna Ey Harðardóttir
Magnús Magnússon

Framkvæmdastjóri:

Katrín M. Guðjónsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 2. apríl 2024 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarsveitarfélaga Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra („samtökin“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2023 og afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samtökunum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hvammstanga, 2. apríl 2024.

KPMG ehf.

Helgi Nielsson
Kristján Jónasson

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	Ársreikningur 2023	Fjárhagsáætlun 2023	Ársreikningur 2022
Rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs		204.012.228	189.404.785	190.251.857
Framlag sveitarfélaga		23.906.076	23.868.186	23.898.187
Framlag til Áfangastofu		33.000.000	33.000.000	33.000.000
Aðrar tekjur		8.489.182	6.964.697	15.498.609
	2	<u>269.407.486</u>	<u>253.237.668</u>	<u>262.648.653</u>
Rekstrargjöld				
Laun og annar starfsmannakostnaður	7	90.085.016	91.887.324	96.005.749
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar		14.492.454	50.243.040	33.964.088
Framlag til Áfangastofu		33.000.000	33.000.000	33.000.000
Markaðs- og kynningarátak		571.767	5.000.000	3.064.045
Styrkveitingar		82.624.719	71.000.000	77.483.385
Stjórnunarkostnaður		34.843.693	36.586.720	23.525.063
		<u>255.617.649</u>	<u>287.717.084</u>	<u>267.042.330</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		13.789.837	(34.479.416)	(4.393.677)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		7.808.798	1.000.000	3.897.857
Fjármagnstekjuskattur		(1.717.935)	0	(857.528)
Vaxtagjöld		(111.728)	0	(77.710)
Gengismunur		26.957	0	0
		<u>6.006.092</u>	<u>1.000.000</u>	<u>2.962.619</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	8	<u>19.795.929</u>	<u>(33.479.416)</u>	<u>(1.431.058)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs	3,7	4.755.769	4.981.942
Fastafjármunir		<u>4.755.769</u>	<u>4.981.942</u>
Næsta árs gjaldfærsla, fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs	7	226.173	226.173
Viðskiptakröfur		7.537.559	65.979.780
Aðrar kröfur		427.482	264.890
Handbært fé	6	168.184.162	76.455.414
Veltufjármunir		<u>176.375.376</u>	<u>142.926.257</u>
Eignir samtals		<u>181.131.145</u>	<u>147.908.199</u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		106.326.682	86.530.754
Eigið fé	8	<u>106.326.682</u>	<u>86.530.754</u>
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	9	20.667.336	18.873.488
Skuldbindingar		<u>20.667.336</u>	<u>18.873.488</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður		2.237.242	4.136.556
Ógreiddir styrkir		31.474.197	28.932.116
Skammtíahluti lífeyrisskuldbindingar	9	816.716	660.000
Fyrirframinnheimtar tekjur		9.931.381	0
Aðrar skammtíaskuldir		9.677.591	8.775.285
Skammtíaskuldir		<u>54.137.127</u>	<u>42.503.957</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>181.131.145</u>	<u>147.908.199</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstramiðurstaða ársins (neikvæð)	8	19.795.929	(1.431.058)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	9	2.681.838	1.882.017
Veltufé frá rekstri		22.477.767	450.959
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtimakröfur, breyting		58.279.629	(62.509.153)
Skammtimaskuldir, breyting		11.476.454	(10.136.502)
Greiðslur lífeyrisskuldbindingar	9	(731.274)	(618.426)
Fyrirframgreiðsla vegna uppgjörs við Brú, breyting	7	226.173	226.173
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		69.250.981	(73.037.908)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		91.728.748	(72.586.949)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		91.728.748	(72.586.949)
Handbært fé í ársbyrjun		76.455.414	149.042.363
Handbært fé í árslok		168.184.162	76.455.414

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnлага nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðaþróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Framlög sveitarfélaga eru tekjufærð á grundvelli samnings sveitarfélaganna sem að samtökunum standa. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast.

3. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum.

4. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 6,3 millj. kr. í árslok 2023 og er hún færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

5. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2023 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

6. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun	61.313.833	67.005.880
Stjórnarlaun	8.270.177	9.261.651
Launatengd gjöld	16.078.935	17.386.688
Áfallið orlof, breyting	1.047.114	1.040.677
Annar starfsmannakostnaður	466.946	245.063
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs	400.513	226.173
Lífeyrisskuldbinding starfsmanna ríkisins B.deild, breyting	2.507.498	1.882.017
Atvinnuleysistryggingasjóður Hefjum störf	0	(1.042.400)
	<u>90.085.016</u>	<u>96.005.749</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	7,0	7,0
Ársverk	5,6	6,4

Skýringar frh.

7. Laun og launatengd gjöld frh.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2023 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2024 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	5.208.115
Gjaldfært á árinu.....	(226.173)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>4.981.942</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	226.173
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	4.755.769
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>4.981.942</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	4.560.296
Framlag í varúðarsjóð.....	421.646
	<u>4.981.942</u>

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	87.961.812
Rekstramiðurstaða ársins	(1.431.058)
Eigið fé 31.12.2022	86.530.754
Rekstramiðurstaða ársins	19.795.929
Eigið fé 31.12.2023	<u>106.326.682</u>

9. Lífeyrisskuldbinding

Á SSNV hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	19.533.488
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna	(731.274)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	2.681.838
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2023	21.484.052
Skammtíamhluti lífeyrisskuldbindingar	(816.716)
Langtíamhluti lífeyrisskuldbindingar í árslok 2023	<u>20.667.336</u>

Skýringar frh.

9. Lífeyrisskuldbinding, frh.

Afborganir árið 2024	816.716
Afborganir árið 2025	886.887
Afborganir árið 2026	938.664
Afborganir árið 2027	979.320
Afborganir árið 2028	1.009.590
Síðar	16.852.875
Afborganir lífeyrisskuldbindingar samtals	<u>21.484.052</u>

Í október 2023 ákvarðaði stjórn Brúar lífeyrissjóðs að viðbótarframlag yrði innheimt hjá launagreiðendum frá og með janúar 2024 vegna tiltekins hóps lífeyrisþega sem væri með tryggð réttindi hjá sjóðnum. Nemur þetta framlag 10% af mánaðarlegum lífeyri þessara aðila. Við þessa ákvörðun myndaðist skuldbinding samtakanna gagnvart þessum hópi lífeyrisþega hjá A deild Brúar lífeyrissjóðs. Nam skuldbindingin 0,2 millj. kr. og er hún gjaldfærð í rekstrarreikningi.

10. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn SSNV auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar SSNV. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

11. Samningur um Sóknaráætlun 2020-2024

Samkvæmt samningi sem gerður var við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, umsjónar- og framkvæmdaaðili sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árin 2020 til 2024. Í samningnum er kveðið á um að verkefni sóknaráætlunar séu þrjúþætt:

- Starfrækja uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra.
- Setja af stað áhersluverkefni fyrir landshlutann sem eru n.k. átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar Norðurlands vestra.
- Móta sóknaráætlun Norðurlands vestra sem nær yfir árin 2020-2024.

Í samræmi við samning um sóknaráætlun Norðurlands vestra eru 5,25 millj. kr. færðar til tekna í rekstri SSNV til að mæta kostnaði við framkvæmd samningsins. Ógreiddir úthlutaðir verkefnastykir eru færðir til skuldar í efnahagsreikningi.

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun Uppb. sjóður	Miðlífæslur	2023	Áætlun	2022
Rekstraréttur:							
Framlag ríkissjóðs	56.507.308	33.512.466	113.992.454	0	204.012.228	189.404.785	190.251.857
Framlag sveitarfélaga	3.906.076	20.000.000	0	0	23.906.076	23.868.186	23.898.187
Þátttaka eigin sjóða í rekstri SSNV	10.500.000	0	0	(10.500.000)	0	0	0
Framlag til Afangastofu	33.000.000	0	0	0	33.000.000	33.000.000	33.000.000
Aðrar tekjur	2.812.632	0	5.676.550	0	8.489.182	6.964.697	15.498.609
	106.726.016	53.512.466	119.669.004	(10.500.000)	269.407.486	253.237.668	262.648.653

Laun og annar starfsmannakostnaður:

Laun	22.692.368	22.355.908	16.265.557	0	61.313.833	64.097.700	67.005.880
Laun stjórnar	6.222.008	0	2.048.169	0	8.270.177	9.995.340	9.261.651
Móttframlag í lífeyrissjóð	3.791.945	3.018.049	2.440.914	0	9.250.908	11.484.420	10.156.862
Tryggingagjald	2.091.510	1.611.243	1.329.689	0	5.032.442	5.448.884	5.559.451
Stéttarfélagsgjald	600.296	686.036	509.253	0	1.795.585	0	1.670.375
Afallið orlof, breyting	1.238.151	(191.037)	0	0	1.047.114	0	1.040.677
Annar starfsmannakostnaður	466.946	0	0	0	466.946	250.000	245.063
Váðbotarframlag, lífsi. Brú	400.513	0	0	0	400.513	0	226.173
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	2.507.498	0	0	0	2.507.498	610.980	1.882.017
Atvinnuleysistryggingastjóður Heðfum störf	0	0	0	0	0	0	(1.042.400)
	40.011.235	27.480.199	22.593.582	0	90.085.016	91.887.324	96.005.749

Önnur gjöld í rekstrarreikningi:

Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar	54.074	0	14.438.380	0	14.492.454	50.243.040	33.964.088
Framlag til Afangastofu	33.000.000	0	0	0	33.000.000	33.000.000	33.000.000
Markaðs- og kynningarátak	571.767	0	0	0	571.767	5.000.000	3.064.045
Styrkveitingar	0	0	82.624.719	0	82.624.719	71.000.000	77.483.385
	33.625.841	0	97.063.099	0	130.688.940	159.243.040	147.511.518

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun	Miðlífærslur	2023	Áætlun	2022
Stjórnunarkostnaður:							
Bifreiðastýrkur	230.984	0	185.274	0	416.258	1.713.600	1.126.265
Dagpeningar	956.350	402.700	237.700	0	1.596.750	1.328.950	1.639.969
Kostnaður vegna verkefna	3.716.000	0	216.256	0	3.932.256	3.799.000	4.165.738
Bifreiðakostnaður	1.796.557	2.512.792	882.778	0	5.192.127	5.426.590	4.086.783
Húsaleiga	1.818.412	1.471.795	0	0	3.290.207	2.310.000	838.825
Sameign, ræsting og viðhald	299.430	220.514	0	0	519.944	350.000	263.548
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði SSNV	0	5.250.000	5.250.000	0	0	0	0
Sérræðiastofð	1.979.130	373.687	301.600	0	2.654.417	3.978.030	3.149.112
Bókhaldsþjónusta	1.714.693	0	0	0	1.714.693	0	0
Rekstur tölvakerfis og netþjónusta	1.601.948	470.982	180.153	0	2.253.083	5.887.960	2.113.569
Gjaldfærðir rekstarfjármunir	1.554.857	0	0	0	1.554.857	1.408.510	296.821
Sími og áskriftargjöld	158.451	113.607	36.607	0	308.665	250.000	208.285
Pappír, prentun og ritföng	50.646	18.438	0	0	69.084	182.940	139.096
Kostnaður við ársskýrslu	154.800	0	0	0	154.800	0	0
Póstburðargjöld og flutningskostnaður	846	0	0	0	846	57.750	35.811
Auglýsingar	586.608	0	80.393	0	667.001	1.250.000	1.435.087
Fundur, námskeið, sýningar og ferðakostnaður	9.069.151	927.823	31.381	0	10.028.355	8.085.150	3.412.123
Ábyrgðartryggingar	240.992	0	0	0	240.992	233.820	222.690
Bækur, tímarit og blöð	36.720	0	0	0	36.720	87.740	47.030
Styrkir og framlög	14.619	0	0	0	14.619	216.680	258.368
Annar kostnaður	86.420	111.600	0	0	198.020	20.000	85.943
	26.067.613	11.873.938	7.402.142	(10.500.000)	34.843.693	36.566.720	23.525.063
Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnslíði	7.021.327	14.158.329	(7.389.819)	0	13.789.837	(34.479.416)	(4.393.677)